



Ársskýrsla
Fjölbrautaskólans í
Garðabæ 2023

Apríl 2024

Kristinn Þorsteinsson

Efnisyfirlit

1	Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ	3
1i	Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ	3
2	Stefnuskjal til þriggja ára	4
3	Starfsemi skólaárið 2023	5
3.i	Mið- og vorönn 2023	5
3.ii	Haust- og miðönn 2023	6
4	Foreldraráð og samskipti við forráðamenn	7
5	Sjálfsmat	8
6	Námsframboð	9
7	Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna	9
7.i	Stærð húsnæðis	9
7.ii	Fjöldi nemenda í dagskóla 2014-2023	10
7.iii	Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2014–2023	10
7.iv	Kynjaskipting á haustönn í dagskóla frá 2015-2022	11
7.v	Dreifing dagskólanemenda á bæjarfélög eftir sveitafélögum haust 2023	12
7.vi	Meðalstærð námshópa í dagskóla 2018-2023	12
8	Starfsfólk	12
8.i	Skólanefnd FG	12
8.ii	Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2023	13
8.iii	Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum	13
8.iv	Yfirstjórn skólans 2023	13
8.v	Aðrir stjórnendur 2023	13
8.vi	Kynjaskipting starfsfólks 2023	14
8.vii	Kennsluhættir í FG	14
9	Alþjóðasamstarf Fjölbrautaskólans í Garðabæ skólaárið 2022-2023	15
10	Fjármál skólans	16
	Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára	17

1 Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ er að bjóða nemendum upp á góða menntun og efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, starfi, frekara námi og leik.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ mun leitast við að:

- Bjóða upp á fjölbreytt og gott nám, bæði bóklegt og verklegt.
- Hvetja nemendur til stöðugrar þekkingarleitar og þjálfna þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Auka víðsýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfna þá í gagnrýnni hugsun.
- Efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi.
- Þjálfna nemendur í að njóta menningarlegra verðmæta.
- Stuðla að því að nemendur temji sér heilbrigðan lífsstíl.

1i Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Meginmarkmið skólans er að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

Að vera eftirsóttur vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk.

Til að skólinn uppfylli hlutverk sín og nái markmiði sínu eru eftirfarandi stefnur, áætlanir og reglur í gildi. Þessar stefnur og reglur eru endurskoðaðar reglulega:

Stefnur:

- [Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ](#)
- [Heilsustefna](#)
- [Jafnréttisstefna](#)
- [Loftslagsstefna](#)
- [Persónuverndarstefna](#)
- [Starfsmannastefna](#)
- [Stefna skólans í forvörnum](#)
- [Stefna og viðbragðsáætlun FG gegn einelti og hverskyns ofbeldi](#)
- [Umhverfisstefna/Samgöngustefna](#)

Áætlanir

- [Barnavernd](#)
- [Stefna og viðbragðsáætlun FG gegn einelti og hverskyns ofbeldi](#)
- [Endurmenntunaráætlun](#)
- [Jafnréttisáætlun](#)
- [Viðbrögð við samskiptavanda](#)
- [Viðbragðsáætlun FG](#)

Reglur

- [Skólareglur](#)
- [Reglur um skólasókn](#)
- [Reglur skólans varðandi vímuefni](#)
- [Prófreglur](#)
- [Reglur um skóladansleiki](#)
- [Reglur um veikindi](#)
- [Reglur um skráningu nemenda](#)
- [Reglur um nemendaferðir](#)
- [Reglur um mat/stöðupróf á erlendri tungumálakunnáttu](#)
- [Reglur um notkun á tölvubúnaði](#)
- [Umgengnisreglur](#)
-

2 Stefnuskjal til þriggja ára

Síðast var lagt fram stefnuskjal í nóvember 2023. Sjá má það stefnuskjal í viðauka. Stefnuskjalið var samþykkt hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Varðandi kjarnastarfsemi voru lögð fram tvö markmið.

1. **Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilsettum tíma.** Markmið fyrir árið 2023 er að 55% nema sem eru enn í skólanum og innrituðust vorið 2020 brautskráist á þremur árum. Viðmið fyrir árið 2025 er 60%.

Niðurstaða fyrir árið 2021 45%

Niðurstaða fyrir árið 2023

Við þetta má bæta að dregið hefur úr vægi þessa markmiðs. Mikil umræða er um lengd náms til stúdentsprófs í samfélaginu og við í skólanum hvetjum nemendur til að taka sér lengri tíma ef þess er þörf. Ef horft er til nemenda sem eru í miklum íþróttum þá er ekki raunhæft að nemendur geti í öllum tilfellum lokið námi á þremur árum.

2. **Bæta árangur í námi.** Þetta markmið hófst haustið 2019. Til að mæla þetta höfðum við tvo mælikvarða. Skólasókn og meðaleinkunnir. Sett var markmið um að skólasókn yrði 90% á síðustu þremur önnum (vorönn 2023, haustönn 2023 og miðönn 2023-4. Niðurstaðan var Sett var markmið um að meðaleinkunn yrði 6,9 á síðustu þremur önnum. Niðurstaðan var x,x. Sjá nánar um árangur nemenda varðandi einkunnir og skólasókn í kafla 3.i.

Varðandi rekstrarþætti voru sett fram þrjú markmið.

1. **Tölvur, tæki, búnaður og þar með talinn hugbúnaður sé í samræmi við þarfir skólans og í fremstu röð.** Hér hefur verið haldið áfram. Búið er að setja nýja skjávarpa og hátalara í margar stofur og er fyrirhugað að bæta við í tíu til viðbótar í vor. Byrjað er á að skoða endurnýjun fartölva fyrir kennara og verður um þriðjungur þeirra endurnýjaður í haust. Sjá má nánar um kennsluhætti og hugbúnað í kafla 8.iiiv.

2. Bætt líðan nemenda og aukin þátttaka nemenda í ákvörðunum og stefnumótun.

Haldið var skólaþing í desember 2022 með þátttöku allra nemenda. Sjá má hluta afraksturs [hér](#). Fyrirhugað er að halda aftur skólaþing í nóvember eða desember 2024. Skólinn er með opna fundi með nemendum tvisvar á skólaári og kennslukannanir eru aðra hverja önn. Könnun á þjónustu í skólanum fer fram skólaárið 2024-2025.

3. Framþróun í verkefninu um græn skref í ríkisrekstri.

Skólinn hefur lokið öllum fimm Grænum skrefum í ríkisrekstri. Starfsmönnum er boðið upp á samgöngusamning og hefur talsverður hópur starfsmanna þegið það og kemur til vinnu með umhverfisvænum hætti. Skólinn hefur lokið [loftlagsstefnu](#) og birt á heimasíðu sinni. Fylgst er með flokkun og nemendur verðlaunaðir fyrir góðan árangur ef ástæða er til. Árangur í flokkun er ekki sem skyldi og er ljóst að átaks er þörf til að bæta flokkun á úrgangi innan skólans.

3 Starfsemin skólaárið 2023

3.i Mið- og vorönn 2023

Skólahald hófst 3. janúar eftir jólafrí. Önnin gekk vel og lauk með prófum 10.-14. febrúar. Brautskráning fór fram 3. mars. Af þeim 16 sem útskrifuðust eru 3 af félagsvísindabraut, 3 af listnámsbrautum, 2 alþjóðabraut, 2 af hönnunar og markaðsbraut, 2 af íþróttabraut, 2 af náttúrufræðibraut og 2 af viðskiptabraut. Eftir að skólanum var breytt í þriggja anna kerfi hefur þeim stöðugt fækkað sem brautskrást að lokinni miðönn. Það er skoðun stjórnenda að við munum ekki hafa formlega brautskráningu að lokinni miðönn 2024.

Fjölmargir nemendur sóttu um aðgang á vorönn 2023 og voru rúmlega 30 teknir inn. Flestir voru yngri en átján ára og höfðu ekki komist inn í skólann á haustönn 2022. Árangur annarinnar var góður og má sjá þróun skólasóknar og einkunna í töflunni hér fyrir neðan. Athuga þarf að útilokað er að bera svona töflur saman milli skóla nema að sömu aðferðafræði sé beitt við úrvinnslu.

	Einkunnir Vegið meðaltal allra einkunna	Skólasókn raunmæting að frádregnum K, W og L
Haustönn 2016	6,13	83,00%
Vorönn 2017	5,82	81,35%
Haustönn 2017	6,65	84,05%
Vorönn 2018	6,27	81,90%
Haustönn 2018	6,38	85,80%
Vorönn 2019	5,98	83,11%
Haustönn 2019	6,93	88,14%
Miðönn 2019-2020	6,46	86,39%

Vorönn 2020	6,91	89,35%
Haustönn 2020	6,95	91,40%
Miðönn 2020-2021	6,92	91,70%
Vorönn 2021	6,74	89,50%
Haustönn 2021	6,84	88,30%
Miðönn 2021-2022	6,63	84,60%
Vorönn 2022	6,33	83,20%
Haustönn 2022	6,83	88,20%
Miðönn 2020-2023	6,76	87,32%
Vorönn 2023	6,90	87,26%
Haustönn 2023	6,96	89,50%

Á vorönn settu nemendur upp söngleikinn Heathers og sýndu fyrir fullu húsi. Lið FG keppti að vanda í Gettu betur og komst í fjögurra liða úrslit en féll út í keppni við Menntaskólann í Reykjavík. Fulltrúi FG, Sesselja Ósk Stefánsdóttir bar sigur úr bytum í Söngkeppni framhaldsskólanna sem fram fór laugardaginn 1. apríl. Lið FG féll út í undanúrslitum í framhaldsskólakeppni í rafíþróttum (FRÍS).

Vorpróf hófust 19. maí og brautskráning fór fram 27. maí.

Brautskráðust þá 116 nemendur. Af þeim 116 sem útskrifuðust voru 28 af náttúrufræðibraut, 21 af viðskiptabraut, 20 af félagsvísindabraut, 16 af listnámsbrautum, 13 af íþróttabraut, 11 af hönnunar og markaðsbraut, 4 af alþjóðabrautum og 3 með lokapróf frá FG..

3.ii Haust- og miðönn 2023

Aðsókn að skólanum var mjög mikil, sú næstmesta frá stofnun skólans. Á töflunni fyrir neðan má sjá aðsókn að skólanum síðan 2008.

2023	FG	Val 1	281
	FG	Val 2	395
2022	FG	Val 1	305
	FG	Val 2	389
2021	FG	Val 1	207
	FG	Val 2	323
2020	FG	Val 1	260
	FG	Val 2	370
2019	FG	Val 1	237
	FG	Val 2	313

2015	FG	Val 1	195
	FG	Val 2	290
2014	FG	Val 1	200
	FG	Val 2	300
2013	FG	Val 1	158
	FG	Val 2	274
2012	FG	Val 1	162
	FG	Val 2	292
2011	FG	Val 1	190

2018	FG	Val 1	207
	FG	Val 2	317
2017	FG	Val 1	217
	FG	Val 2	366
2016	FG	Val 1	206
	FG	Val 2	244

2010	FG	Val 2	273
	FG	Val 1	181
2009	FG	Val 1	167
	FG	Val 2	366
2008	FG	Val 1	80
	FG	Val 2	282

Eins og ljóst er af þessari töflu komst aðeins hluti umsækjanda inn í skólann. Teknir voru inn 206 nýnemar (þar af 7 á sérnámsbraut) og 33 eldri nemendur.

Haustönnin hófst með starfsmannafundum 17. ágúst. Þann 18. ágúst voru námskeið og deildarfundir. Sú nýjung var þessa önn að nýnemum var boðið upp á námskeið í tölvunotkun og má gera ráð fyrri að slíkt námskeið sé komið til að vera. Önnin gekk vel og var skólasókn og námsárangur ásættanlegur.

Próf á haustönn hófust 2. nóvember og lauk 6. nóvember. Brautskráning haustannar fór fram 17. nóvember og brautskráðust 40 stúdentar. Af alþjóðabraut útskrifuðust tveir stúdentar, af félagsvísindabraut útskrifuðust ellefu, af hönnunar og markaðsbraut útskrifuðust sex, af íþróttabraut útskrifuðust átta. Stúdentar af listnámsbraut voru fjórir, einn stúdent útskrifaðist af náttúrufræðibraut og að lokum voru stúdentar af viðskiptabraut átta.

Miðönnin hófst með kennarafundi 14. nóvember og kennsla hófst næsta dag. Ekki voru teknir inn neinir nýir nemendur á miðönn. Kennarar fundu til og með 15. desember. Námsmatsdagur var 18. desember og jólafrí hófst 19. desember og hófst kennsla aftur 3. janúar 2024.

4 Foreldraráð og samskipti við forráðamenn

Við skólann starfar foreldraráð og situr einn fulltrúi þess skólanefndarfundir. [Foreldraráðið](#) hefur síðu á heimasíðu skólans og heldur úti [Facebook síðu](#). Forvarnarfulltrúi skólans fundar með Foreldraráðinu og eins hefur ráðið kallað til sín fulltrúa nemenda, stjórnenda og starfsfólks.

Skólinn hefur lagt áherslu á að halda foreldrum upplýstum í gegnum tölvupósta, á heimasíðu skólans og á samfélagsmiðlum.

Á yfirstandandi skólaári hefur foreldraráðið verið til staðar. Foreldraráðið hefur verið nokkuð virkt á þessu skólaári 2023 – 2024. Fundað hefur verið reglulega yfir árið og góð mæting á fundi.

Fín mæting var á fyrirlestur fyrir foreldra nemenda við skólann, foreldrar eiga fullt erindi inn í framhaldsskólana, það er hins vegar alltaf hægt að gera betur og hvetja þarf foreldra enn meira til

Þess að taka þátt í skólasamfélaginu.

Foreldrafélagið bauð einnig upp á fræðsluerindi fyrir nemendur skólans í byrjun apríl.

Samskipti við forráðamenn fara fram á þrjá vegu.

Í fyrsta lagi með fundum með foreldrum eins og fundi með foreldrum nýnema og fræðslufundum í samstarfi við foreldraráðið. Í öðru lagi með tölvupósti en skólinn sendir af og til tölvupósta til forráðamanna með upplýsingum. Hlutverk foreldraráðsins hefur aukist í tengslum við gæslu á skóladansleikjum og einnig hafa þeir útvegað verðlaun til nemenda sem hafa verið dregnir úr svokölluðum „fyrirmyndarpotti“.

5 Sjálfsmat

Eitt af lögbundnum verkefnum skólans er innra mat á gæðum og árangri skólastarfs. Stefna um hvernig því er sinnt er birt á heimasíðu skólans og niðurstöðum er miðlað í árlegri sjálfsmatsskýrslu. Gæðaráð skólans hefur yfirumsjón með sjálfsmati skólans. Ráðið kemur saman á samráðsfundum einu sinni í viku þar sem helstu áherslur skólastarfsins eru mótaðar og farið er yfir reglubundna þætti. Í ráðinu sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, tveir kennslustjórar, tveir námsráðgjafar, skrifstofustjóri og félagsmálafulltrúi. Þessi skipan tryggir að raddir flestra, bæði starfsmanna og nemenda, komi að stefnumótun, ákvörðunum og framkvæmd sjálfsmats hverju sinni.

Árið 2023 var sem fyrr lögð áhersla á að viðhalda þeim matsþáttum sem eru þungamiðjan í innra mati skólans. Þar ber helst að nefna úttekt á námsárangri nemenda, kennslukannanir, könnun á líðan starfsmanna, úttekt á prófum og prófagerð og kennsluáætlunum. Árleg úttekt á einni námsgrein/námsbraut fór fram á vorönn og urðu raungreinar fyrir valinu að því sinni.

Mikilvægt er að gæðastarf sé í stöðugri þróun, sífellt séu skoðaðar nýjar hliðar sem veita nýja sýn og geta orðið hvati að breytingum. Matsaðferðir skólans eru í stöðugri mótun og miða að því að styrkja starfsmenn skólans til að rýna í störf sín og bregðast við með jákvæðum hætti.

Spurningalisti sem lagður er fyrir nemendur í viðhorfskönnun aðra hverja önn hefur þróast, margir hafa komið að gerð spurninganna og leitað hefur verið til fagaðila við hönnun listanna. Spurningar eru bæði lokaðar og opnar og nemendur fá tækifæri til að tjá skoðun sína á fyrirkomulagi áfanga, kennsluáferðum og öðrum þáttum sem þeir telja mikilvæga.

Úttektir á einni námsgrein gefa kennurum tækifæri til að skoða frammistöðu í starfi, meta styrkleika sína og veikleika og íhuga hvaða breytingar þeir vilja gera. Lesa má niðurstöður þessara úttekta í [sjálfsmatsskýrslum skólans](#).

Ytri úttekt á framhaldsskólum skal fara fram á fimm ára fresti. Slík úttekt fór fram á FG árið 2019 og var fylgt eftir með umbótaáætlun. Niðurstöður má sjá [hér](#) og umbótaáætlun [hér](#).

6 Námsframboð

Allar stúdentsbrautir eru þriggja ára brautir og var í fyrsta skipti boðið upp á slíkar brautir á haustönn 2015. Brautirnar voru tilbúnar af hálfu skólans á vorönn 2015 og Menntamálastofnun sendi þær til ráðuneytisins í lok sömu annar. Samþykki ráðuneytisins var veitt í byrjun árs 2017. Jafnframt var starfsbraut skólans fyrir fatlaða nemendur samþykkt á sama tíma. Samþykki mennta- og barnamálaráðuneytisins fyrir styttri brautum, menntabraut og framhaldsskólabraut, var veitt snemma á árinu 2018. Þannig eru nú allar brautir skólans samþykktar.

Þriggja ára brautir (stúdentsprófsbrautir) í FG eru 202 einingar og var boðið upp á eftirfarandi brautir á árinu 2022:

Námsbrautir


- Alþjóðabraut (stúdentsbraut)
 - alþjóðasamskiptasvið
 - menningarsvið
 - viðskiptasvið
- Félagsvísindabraut (stúdentsbraut)
- Hönnunar- og markaðsbraut (stúdentsbraut)
- Íþróttabraut (stúdentsbraut)
- Listnámsbraut (stúdentsbraut)
 - fata- og textílhönnunarsvið
 - leiklistarsvið
 - myndlistarsvið
- Náttúrufræðibraut (stúdentsbraut)
 - heilbrigðisvið
 - tæknisvið
- Viðskiptabraut (stúdentsbraut)
 - viðskiptasvið
- Sérnámsbraut fyrir fatlaða nemendur (4 ár)
- Styttri brautir
 - Framhaldsskólabraut
 - Menntabraut

7 Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

7.i Stærð húsnæðis

- 5.685 fermetrar

7.ii Fjöldi nemenda í dagskóla 2014-2023



7.iii Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2014–2023.*

Ár	Vor %	Haust %	Miðönn %**	Alls á ári
2014	11/678=1,6%	18/766=2,3%		29
2015	17/672=2,5%	11/725=1,5%		28
2016	11/642=1,7%	11/736=1,5%		22
2017	11/699=1,6%	13/722=1,8%		24
2018	9/659=1,4%	8/725=1,2%		17
2019	4/629=0,6%	5/712=0,7%		9
2020	1/699=0,1%	2/735=0,3	9/633=1,4%	12
2021	3/675=0,4%	0/744=0%	12/698=1,7%	15
2022	5/682=0,7%	5/722=0,7%	10/673=1,5%	20
2023	0/658=0,0%	1/729=0,14%	10/665=1,5%	11

* Byggt á skráningu skólaráðs og tilkynningum til MRN


** Talið er brottfall á þeirri önn sem hófst í nóvember 2023 og lauk í febrúar 2024.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur reynt að mæla brottthvarf á annan hátt en viðurkennir jafnframt að þetta er mjög erfitt. Tölur ráðuneytisins fyrir FG eru aðrar en okkar enda er talningin mjög ólík. Hjá MRN er reynt að meta hversu margir hverfa frá námi. Niðurstaða ráðuneytisins fyrir skólaárin frá 2019-2023 má sjá á meðfylgjandi töflu. Eins og sést er brottfall nemenda í FG lítið en talsverður hópur flytur sig á milli skóla.


Brotthvarf nýnema í FG samkvæmt mennta- og barnamálaráðuneytinu

	Brotthvarf alm.	Brotthvarf í FG	Tilfærsla alm.	Tilfærsla í FG
2019-2020	4,00%	0,00%	8,30%	5,40%
2020-2021	5,70%	1,50%	10,70%	12,20%
2022-2023	4,30%	0,00%	10,90%	8,30%

7.iv Kynjaskipting á haustönn í dagskóla frá 2015-2023



7.v Dreifing dagskólanemenda á bæjarfélögum eftir sveitarfélögum haust 2023



7.vi Meðalstærð námshópa á haustönn í dagskóla 2018-2023

Hópar	Haut 2018	Haut 2019	Haut 2020	Haut 2021	Haut 2022	Haut 2023
Viðmiðunarstærð 25-28	25,5	25	25,9 (102 hóp.)	24,5 (107 hóp.)	25,1 (114 hóp.)	26,1 (112 hóp.)
Viðmiðunarstærð 22-26	20,8	20,8	21,1 (11 hóp)	21,6 (11 hóp)	20,1 (10 hóp.)	19,1 (8 hóp.)

Viðmiðunarstærð 15-18	16,4	14	15,4 (14 hóp.)	15,7 (19 hóp.)	17,6 (16 hóp.)	15,9 (17 hóp.)
Viðmiðunarstærð 12-14	9,9	11,8	11,2 (6 hóp.)	11,0 (5 hóp.)	12 (5 hóp.)	11,0 (6 hóp.)
Fornámsáfangar 15-18	13,2	12	8,5 (2 hóp.)	17 (1 hóp.)		

8 Starfsfólk

8.i Skólanefnd

Ný skólanefnd var skipuð í mars 2021

- Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður.
- Frosti Logason, varaformaður
- Kristín Soffía Þorsteinsdóttir, Davíð Freyr Jónsson tók við á haustönn 2023
- Sara Dögg Svanhildardóttir
- Sigurjón Jónsson, Inga Amal Hasan hefur leyst hann af á árinu 2023
- Harpa Valdimarsdóttir, fulltr. kennara, frá haustönn 2023
- Guðrún Fjola Ólafsdóttir, fulltr. nemenda, frá haustönn 2023
- Elísabet Rós Birgisdóttir, fulltr. foreldraráðs, frá haustönn 2023

8.ii Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2023

Starfsheiti	Karlur		Konur		Samtals	Hlutfall samtals
	Fjöldi	Starfs-hlutfall	Fjöldi	Starfs-hlutfall		
Aðstoðarskólameistari			1	100%	1	100%
Áfangastjóri			1	100%	1	100%
Bókavörður			2	150%	2	150%
Fjármálastjóri			1	100%	1	100%
Framhaldsskólakennari	16	1400%	35	3240%	51	4640%
Kerfisstjóri	1	100%			1	100%
Matráður			1	100%	1	100%
Náms- og starfsráðgjafi			2	200%	2	200%
Skólafulltrúi			1	75%	1	75%
Skólaliðar			3	300%	3	300%
Skólameistari	1	100%			1	100%

Skrifstofustjóri			1	100%	1	100%
Stuðningsfulltrúi			1	100%	1	100%
Umsjónarmaður fasteigna	1	100%			1	100%
Verkefnisstjóri	1	50%			1	50%
Samtals	20	1750%	49	4565%	69	6315%

8.iii Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum

- Stjórnendur 3,5
- Kennarar 46,4
- Aðrir starfsmenn 13,25

8.iv Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans

- Skólameistari – Kristinn Þorsteinsson
- Aðstoðarskólameistari – Anna María Gunnarsdóttir frá 1. ágúst 2023
- Áfangastjóri – Kristín Helga Ólafsdóttir frá 1. jan. 2018
- Verkefnastjóri – Guðmundur Stefán Gíslason (50%) frá 1. ágúst 2010

8.v Hverjir teljast til stjórnenda skólans

- Fjármálastjóri – Sigrún Jósefsdóttir
- Skrifstofustjóri – Hrafnhildur Guðmundsdóttir
- Umsjónarmaður fasteigna – Stefán Kristófersson
- Kennslustjórar

8.vi Kynjaskipting starfsfólks

- Konur 48 71,6%
- Karlar 19 28,4%

8.vii Kennsluhættir í FG

Það er orðið all langt síðan að fjölbreyttar kennsluaðferðir og fjölbreytt námsmat urðu kjarni kennslufræði FG. Til að styðja það hafa stjórnendur skólans lagt sig fram í að standa með kennurum skólans í að leita sér þekkingar á fjölbreyttum kennsluaðferðum og fjölbreyttu námsmati. Þetta er gert með því að hvetja kennara til að sækja námskeið og ráðstefnur utan skólans og með því að vera með námskeið í skólanum. Í upphafi hvers skólaárs eru námskeið í skólanum. Að þessu sinni vildum við kynna okkur gervigreind og því sem tengist henni. Vorum við með prófessor frá Ástralíu sem fór vel yfir sína sýn á gervigreind og notkun hennar í skólastarfi. Einnig vorum við aftur með námskeiðið sögur úr kennslustofunni þar sem kennurum var skipt í hópa og sögðu frá kennsluaðferðum og námsmati sem þeir hafa notað. Nokkur námskeið voru á skólaárinu, áfram vorum við með námskeið í Inspera, einnig í One drive og svo var námskeið í gervigreind.

Eins og sést á þessari upptalningu þá er hugur okkar við gervigreind sem ruddist inn í skólastarf á mjög frekan hátt. Á þessu skólaári höfum við myndað verkefnahóp sem hefur það hlutverk að kynna sér gervigreind. Ekki bara til að skilja hvað þetta er heldur fyrst og fremst hvernig getum við nota gervigreindina bæði til undirbúnings og með nemendum. Annað sem hópurinn þarf að skoða er hvernig umhverfi þurfum við að skapa þegar við viljum ekki að nemendur noti gervigreind og hvernig umhverfi þurfum við að skapa þegar nemendur eiga að nota gervigreind. Næstu skref eru svo að skoða gervigreind í samvinnu við nemendur. En fyrst verðum við kennarar að skilja hvað við erum með í höndunum.

Áfram heldur sú þróun að lokaprófum fer fækkandi og prófum og verkefnum á önninni fjölgar. Þetta virðist samt ekki hafa þær afleiðingar að próf hverfi heldur þau færast til og fleiri og fleiri kennarar nota Inspera prófakerfið. Spurning verður svo hvort skólinn muni gera þá kröfu til kennara að öll próf sem gilda ákveðið mikið eigi að vera tekin í Inspera.

Á undanförunum árum höfum við tekið eftir því að grunnkunnátta á tölvur er ekki góð hjá nýnemum okkar. Því prófuðum við í fyrsta skipti að vera með námskeið fyrir nýnema í byrjun skólaársins. Sérstök áhersla var á að senda tölvupóst, nota INNU, Inspera og margt fleira. Þetta heppnaðist vel og allar líkur eru á að við gerum þetta aftur.

Flestar brautir skólans enda með stóru lokverkefni þar sem stefnt er að því að nemendur noti flest það sem þeir hafa lært á skólagöngu sinni í FG. Í list og verkgreinum er um að ræða ferilmöppu, leiksýningar og tískusýningu. Í viðskiptafræði er þetta frumkvöðlavinna sem endar með þátttöku í keppni milli skólanna ásamt lokaverkefni þar sem nemendur framkvæma tvær rannsóknir, á náttúrufræðibraut er þetta rannsóknarritgerð og á félagsvísindabraut eru einnig framkvæmdar tvær rannsóknir. Að lokum er alþjóðabraut með opin verkefni. Kennarar eru sammála að það sé gott að enda námið í skólanum svona. Þar sem nemendur þurfa að skipuleggja vinnu sína sjálfir, vinna að verkefni frá fyrstu hugmynd til lokaafurðar.

Skólinn mun halda áfram í að styðja kennara í leit sinni að fjölbreyttum kennsluháttum og fjölbreyttum námsmatsaðferðum.

9 Alþjóðasamstarf Fjölbrautaskólans í Garðabæ skólaárið 2021-2022

Rakel Linda Gunnarsdóttir er alþjóðafulltrúi skólans og hefur umboð skólans til að stýra erlendum samskiptum fyrir hans hönd.

Erlent samstarf skólans er enn að eflast og vinnur skólinn að því að auka þátttöku í erlendu samstarfi, með það að markmiði að læra af öðrum og miðla þekkingu og reynslu en einnig að það auki jákvæðan hróður skólans. Þannig hafa ferðalög aukist verulega á skólaárinu, bæði heimsóknum í skólann frá Evrópu en einnig að nemendur og starfsfólk fari í ferðir styrktar af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins. Þá hefur alþjóðafulltrúi stofnað til fleiri verkefna en áður, sem styrkt eru af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins.

Skólinn leggur áherslu á að bjóða starfsfólki og nemendum tækifæri til að heimsækja skóla eða stofnanir erlendis með það að markmiði að efla tengslanetið, kynnast námi og starfi erlendis og opna þannig tækifæri til frekara samstarfs eða náms í framtíðinni. Í skólanum er starfandi alþjóðafulltrúi sem aðstoðar bæði nemendur og starfsfólk sem hafa áhuga á þátttöku í slíku, finnur og bendir á möguleika, leiðir og tækifæri og sér um að fylla út umsóknir sem og skýrsluskil. Þar sem skólinn er með Erasmus+ aðild (accreditation) hjá Evrópusambandinu þá eru leiðir að fjármagni/styrkjum aðgengilegri en það hefur einnig haft þau áhrif að fleiri sækja í fjármagnið og það þýðir að okkar stofnun (sem fleiri) fá minna í sinn skerf. Þetta veldur því að okkur er aðeins þrengri stakkur búinn í þeirri vegferð að auka alþjóðastarf, þegar fjármagnið er ekki nægilega mikið.

Í janúar fóru tveir kennarar í undirbúningferð til Ítalíu, þar sem skólinn, IL Da Vinci Ripamonti, hafði lagt á það mikla áherslu að við kæmum í þessa ferð til undirbúnings fyrir frekara samstarf í framtíðinni. Ferðin var árangursrík og ákveðið var að taka á móti tveimur ítölskum nemendum í 4 vikur frá apríl fram í maí og senda þá tvo nemendur frá FG í haust til Ítalíu í þrjár vikur, á móti, sem varð raunin. Einnig fór hópur nemenda og kennara til Noregs í janúar en þar er um að ræða samstarfsverkefni Erasmus+ við framhaldsskóla á Spáni og í Noregi sem kallast CHE og hefur það að markmiði að deila sögu, menningu og menningararfi landanna sem og að minnka fordóma, auka tengslanet ofl. Síðan fara fram umsóknarskrif og skil fyrir áframhaldandi styrkjum í aðildarsamningi okkar við Evrópusambandið og síðan áframhaldandi skipulagning á framhaldinu. Einnig tók stofnunin á móti hóp erlendra gesta frá hinum ýmsu löndum en það er hópur kennara og stjórnenda sem hefur komið hér í vorheimsókn og haustheimsókn á vegum Eduardo Marin.

Á árinu tókum við á móti kennurum í starfsspeglun (job shad.) en sendum einnig kennara í slíkt.

Samstarf við Het Amsterdam Lyceum í Hollandi tók aftur upp sama taktinn og áður, sem sagt við sendum hóp nemenda með 2 kennurum til Hollands í mars og tókum á móti hóp frá Hollandi í október. Þetta samstarf gengur vel og munum við halda því áfram í framtíðinni.

Alþjóðafulltrúi tekur við fjölmörgum fyrirspurnum sem koma í tölvupósti, um stofnun samstarfs, og erfitt er að svara öllum persónulega fyrir hönd skólans.

Þá sótti alþjóðafulltrúi nokkrar vefstofur/námskeið á skólaárinu sem voru í boði hjá Rannís og snúa að nám og þjálfunarverkefnum eða samstarfsverkefnum.

Það má með sanni segja að erlent samstarf hefur aukist jafnt og þétt síðustu örfáu ár og þátttaka og áhugi starfsfólks og nemenda hefur góð og jákvæð áhrif á skólasamfélagið í heild sinni.

10 Fjármál skólans

Fjárhagsstaða skólans hefur verið traust á undanförunum árum og oft verið rekinn með afgangi. Síðustu tvö ár hefur hallað undan fæti og var reksturinn í ár neikvæður um 26,2 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 53,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 202,6 milljónir. Ástæða hallreksturs má að mestu rekja til tveggja þátta. Í fyrsta lagi er mikill halli á sérnámsbraut skólans. Framlög til deildarinnar standa ekki undir launakostnaði og er þá ýmislegt

annað ótalið. Í öðru lagi vor mikil veikindi á árinu 2023 og á skólinn ekki annars úrkosta en að fá inn afleysingu fyrir forföll kennara og er það yfirleitt greitt í yfirvinnu.

Útgjaldarammi skólans á fjárlögum 2024 er 1.306 milljónir. Þar er gert ráð fyrir 61,6 milljónum í eigin tekjur og 15,5 milljónum í eignakaup. Rekstraráætlun gerir ráð fyrir að rekstur verði í jafnvægi á árinu 2024.

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2023–2025

Ríkisaðili	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ			Ráðuneyti	Mennta- og barnamálaráðuneyti		
Ábyrgðaraðili	<i>Kristinn Þorsteinsson skólameistari</i>						
A	Kjarnastarfsemi						
	<p><i>Skólinn starfar eftir áfangakerfi og býður upp á fjölbreytt listnám, íþróttabraut auk bóknáms. Staðfestar stúdentsprófsbrautir eru 7 og skiptast þær niður á nokkur svið. Að auki er starfrækt sérnámsbraut fyrir fatlaða. Stúdentsprófsbrautirnar eru skilgreindar sem 3ja ára brautir. Á heimasíðu skólans koma fram kröfur sem nemandi þarf að uppfylla við innritun til að komast inn í áfanga á 2. þrepi í kjarnagreinum. Skólanámskrá skólans, síðast endurskoðuð í júní 2022, er birt á vef hans sem og brautalýsingar. Skólinn býður upp á náms-og starfsráðgjöf, ráðgjöf í forvörnum, forvarnafulltrúa, hinsegin fulltrúa og við skólann starfar félagsmálafulltrúi nemenda og alþjóðafulltrúi. Nemendur sem þurfa á sálfræðiráðgjöf að halda fá viðtöl á vegum skólans.</i></p> <p><i>Í skólanum eru um 700 nemendur að meðaltali í dagskóla. Á haustönn 2022 eru 721 í dagskóla og 77 í fjarnámi. Í skólanum er vel útbúið bókasafn, þráðlaust net og mótuneyti fyrir nemendur og kennara.</i></p> <p><i>Tekið var upp þriggja anna kerfi haustið 2019, það er fjögurra ára tilraunaverkefni og verður árangur metinn að því loknu.</i></p> <p><i>Markmið skólans tengjast markmiðum ríkisstjórnarinnar eins og fram kemur hér að neðan.</i></p>						
	Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
A1	Hækka hlutfall þeirra nemenda sem ljúka námi á tilsettum tíma.		Fjöldi útskrifaðra nemenda á 9 önnum af þeim sem eru enn í	Innritunar- og útskriftarlistar nemenda	42%	55%	60%

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2023–2025

	Miðuð við að nemendur ljúki stúdentsprófi á þremur árum.		skólanum og innrituðust vor 2017 - 2019 - 2021				

Tengist markmiði málaflokks

Hlutfall þeirra sem ljúka prófi á tilskildum tíma fari í 60% árið 2020 í samræmi við markmið þau sem fram koma í Hvítbók. Skólinn nái að höfða til sem flestra nemenda. Til þess þarf hann að bjóða upp á fyrsta flokks kennslu sem miðar að því að nemendur fái notið sín á eigin forsendum.

Nr.	Verkefni/aðgerðir		Upphaf	Endir
A1.1	Áframhaldandi þróun þriggja anna kerfis.		2014	Fundur hvernig til hefur tekist vor 2022, endurskoðað vor 2023.
A1.2	Námskeið í notkun Inspera, Turnitin og Nearpod		haust 2022	vor 2024
A1.3	Endurskoðun áfangalýsinga og brauta. Áfangaframboð endurskoðað.		jan 2023	vor 2025

Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
A2	Bæta árangur í námi.		Skólasókn	Skólasóknar-einkunnir	89,8%	90%	90%

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2023–2025

			Einkunnir nemenda	Einkunnalistar og meðaleinkunnir anna	6,83 (meðaltal þriggja síðustu anna) Markmið fyrir skólaárið var 6,5	6,9	7

Tengist markmiði málaflokks

Hlutfall þeirra sem ljúka prófi á tilskildum tíma fari í 60% árið 2020 í samræmi við markmið þau sem fram koma í Hvítbók. Skólinn nái að höfða til sem flestra nemenda. Til þess þarf hann að bjóða upp á fyrsta flokks kennslu sem miðar að því að nemendur fái notið sín á eigin forsendum.

Nr.	Verkefni/aðgerðir		Upphaf	Endir			
A2.1	Námskeið fyrir nýnema í notkun upplýsingatækni		haust 2023	endurtekið haust 2024 og þá metið.			
A2.2	Námskeið fyrir kennara til að auka virkni nemenda.		haust 2023	haust 2023			
A2.3	Fengin utanaðkomandi sérfræðingur til að vinna með stærðfræðikennurum að endurskoðun stærðfræðikennslu		haust 2023	haust 2025			
A2.4	Fengin utanaðkomandi sérfræðingur til að vinna með íslenskukennurum að endurskoðun íslenskukennslu		haust 2024	haust 2026			
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2023–2025

A3							
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Inntak markmiðs (sbr. gildandi fjármálaáætlun)</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A3.1							
A3.2							
A3.3							

B	Rekstrarþættir
	<p><i>Skipulag rekstrar er hefðbundið og miðar að því að styðja við meginstarf skólans sem er kennsla og þjónusta við nemendur. Skólinn hefur sett sér stefnur í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla og eru þær í stöðugri endurskoðun. Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli og leggur áherslu á heilbrigði líkama og sálar. Skólinn er þátttakandi í verkefninu Grænum skrefum og hefur þegar lokið öllum fimm skrefunum.</i></p> <p><i>Á miðönn 2022 starfa samtals 67 starfsmenn við skólann, 50 konur og 17 karlmenn. Kennarar eru 50 þar af 36 konur og 14 karlmenn, fjöldi stöðugilda er 47,65. Meðalaldur kennara er 49,6 ár og þeir hafa allir nema einn réttindi til að kenna þær greinar sem þeir kenna. Yfirstjórn hefur ekki aukist frá 2003 og samanstendur af skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, verkefnastjóra (50%) og fjármálastjóra og er meðalaldur 58 ár. Auk þess eru 2 kvenkyns náms- og starfsráðgjafar í 200% starfshlutfalli. Eitt og hálf stöðugildi er á bókasafni skólans. Skólaárið 2022-2023 eru 3 konur í yfirstjórn og tveir karlar.</i></p> <p><i>Eftirfarandi eru birtar stefnur skólans: Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ, Heilsustefna, Jafnréttisstefna, Loftslagsstefna, Persónuverndarstefna, Starfsmannastefna, Stefna og viðbragðsáætlun Fjölbrautaskólans í Garðabæ gegn einelti og hverskyns ofbeldi, Stefna skólans í forvörnum og Umhverfisstefna.</i></p> <p><i>Innra mat skólans er fjölbreytt og tekur til allra þátta skólastarfsins. Kennslukönnun er lögð fyrir nemendur á annarri hverri önn í öllum áföngum skólans. Henni er fylgt eftir með samtölum skólameistara og aðstoðarskólameistara við kennara. Ein námsgrein / námsdeild er tekin út á hverju skólaári. Um viðamikla úttekt er að ræða sem er þríþætt. Könnun er lögð fyrir nemendur, kennslustundir allra kennara deildarinnar eru heimsóttar og persónuleg viðtöl eru tekin við kennarana. Allt innra mat skólans hefur verið sett upp í töflu og birt í sjálfsmatsáætlun og sjálfsmatskýrslum sem birtar eru á heimasíðu skólans.</i></p> <p><i>Sjá má stefnuskrá skólans og aðrar stefnur hér.</i></p> <p><i>Ytra mat skólans er í höndum mennta- og barnamálaráðuneytisins. Síðast var gerð var ytri úttekt á skólanum á vorönn 2019 og umbótaáætlun skilað inn í janúar 2020.</i></p> <p><i>Rekstur skólans hefur að mestu gengið vel undanfarin ár. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2021 var rekstrarafgangur ársins 10,7 milljónir og hrein eign kr. 114 milljónir í árslok og eignir samtals 218 milljónir. Rekstur ársins 2022 hefur ekki gengið eins vel og útlit fyrir að halli ársins verði</i></p>

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2023–2025

<p><i>rúmar 25 milljónir og gengið á uppsafnaðan afgang sem því nemur. Áætlun fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir smávægilegum halla árið 2023 en stefnt er að rekstur verði að mestu hallalaus og áfram verði til varasjóður.</i></p>						
<p>Markmið, mælikvarðar og aðgerðir</p>						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
B1	Tölvur, tæki, búnaður og þar með talinn hugbúnaður sé samræmi við þarfir skólans og í fremstu röð.	Kortlagning búnaðar stöðumat búnaðar og þarfagreining	Eignaskrá, könnun innan deilda	Búið að endurnýja tölvur allra kennara. Byrjað að bæta lýsingu í skólanum. Þrjár stofur til viðbótar endurnýjaðar . Búið að innleiða notkun á prófafortritinu Inspira.	Kaupa laserskera í bókasafn. Tvær stofur endurnýjaðar. Nemenda- aðstaða stórbætt með nýjum húsgögnum.	Klára að endurnýja töflur í stofum. Búið að endurnýja tvær raungreina- stofur.
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B1.1	Endurnýja tölvur, tæki og hugbúnað í skólanum				2018	viðvarandi
B1.2	Endurnýja 1 – 3 kennslustofur á ári				2018	viðvarandi

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2023–2025

B1.3						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
B2	Bætt líðan nemenda og aukin þátttaka nemenda í ákvörðunum og stefnumótun.	Ánægja nemenda	Kannanir Rannsóknar og greiningar	Samkvæmt niðurstöðu R&G leiddist 39% drengja námið og 22% stelpna árið 2021.	Lækka þessar tölur um 20%	Lækka tölur frá 2023 tölur um 20%
		Aðsókn að skólanum	Aðsóknartölur	207 nýnemar með skólinn í 1. sæti. 323 nýnemar með skólann í öðru sæti.	250 nýnemar með skólann í 1. sæti.	280 nýnemar með skólann í 1. sæti.
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	Skólaþing verður haldið í desember 2022 með þátttöku allra nemenda og starfsmanna				2022	Annað hvert ár.
B2.2	Opnir fundir með nemendum tvisvar á ári.				2004	Viðvarandi
B2.3	Kennslukannanir aðra hverja önn og kannanir á þjónustu skólans 3ja hvert ár.				2022	Viðvarandi

**Stefnumiðað áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2023–2025

Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
B3	Framþróun í verkefninu um græn skref í ríkisrekstri.	Framþróun í verkefninu um græn skref í ríkisrekstri.	Grænt bókhald	Fjórum skrefum lokið	Fimm skrefum lokið	Skilyrðum uppfyllt til að halda þessum fimm skrefum
		Minnka kolefnispor af ferðum starfsmanna til og frá vinnu.	Fjöldi samgöngusamninga.	12	20	25
		Bætt flokkun á úrgangi innan skólans og minni förgun úrgangs.	Upplýsingar frá förgunaraðilum.	66%	70%	75%
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	Ráðinn sérstakur umhverfisfulltrúi sem heldur utan um umhverfismál innan skólans.				2022	Viðvarandi
B3.2	Hærri greiðslur til þátttakanda í Samgöngusamningi.				2022	Stefnt að frekari hækkun
B3.3	Kennsluefni vegna flokkunar, umbun til nemenda þegar góður árangur næst í flokkun.				2022	Viðvarandi
B3.4	Útskriftarefni á haustönn gróðursetja tré í reit skólans á Smalaholti í Garðabæ.				2021	Viðvarandi

Almennt um skjalið

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.

Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.

Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka.

Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.

Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.

Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (*outcome*) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (*input*) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

HM er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær

sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

Rekstrarþættir

Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni.

Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríkum mæli eru mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í víðum skilningi og almenna starfsemi aðila.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila, umbóta á sviði mannauðsmála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum um betri vinnutíma og umbótasamtal því tengt auk markmiða stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040.

Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu?

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

